

Sandra Björgvinsdóttir

From: Ragnheiður Einarsdóttir <ragnheidure@straeto.is>
Sent: þriðjudagur, 20. júní 2017 15:13
To: Samtök sv.félaga á hb.svæðinu
Cc: Valgerður Gréta Benediktsdóttir
Subject: Athugasemdir við vinnslutillögu Borgarlínunnar

Góðan daginn,

Eftirfarandi eru athugasemdir Skipulagssviðs Strætó við vinnslutillögu Borgarlínunnar, dags. 20. júní 2017:

- Okkur finnst vanta betri tengingu milli norður/suðurs annars vegar og austurs/vesturs hins vegar og þá helst leggin á milli Smáralindarsvæðisins og Mjóddar. Til dæmis myndu farþegar úr austari hverfum höfuðborgarsvæðisins ekki geta nýtt Borgarlínu til að komast í svæðiskjarnann sem er Smáralindarsvæðið. Miklar vonir eru bundnar við skiptistöð Borgarlínu í Vogabyggð sem tengingu milli suðurs/norðurs og austur/vesturs í leiðakerfinu þar sem farþegar hvaðanæva að af höfuðborgarsvæðinu gætu skipt um leið til að fara í hvaða átt sem er. Ef niðurstaðan verður eins og vinnslutillagan gefur til kynna þá myndi suðurtengingin úr Vogabyggð vera slitin í sundur við Mjódd, þ.e. hún myndi þá ekki ná niður í austari hluta suðurhverfa höfuðborgarsvæðisins.
- Við teljum ekki æskilegt að leggurinn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur taki krók í Smáralindina, þar sem það myndi hafa neikvæð áhrif á þá farþega sem ferðast frá Hafnarfirði og Garðabæ til og frá Reykjavík Frekar er lagt til að leið frá Smáralind tengist inn á norður/suður leiðina t.d. í Hamraborg.

Með bestu kveðju,
Ragnheiður Einarsdóttir og Valgerður Gréta Benediktsdóttir
Skipulagssviði Strætó bs.